

Yfirlitsskýrsla

sendiráðs Íslands í Brussel



Fyrri hluti árs 2011

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	- 4 -
Almennt um starfsemi sendiráðsins	- 4 -
Starfsmannabreytingar á tímabilinu	- 4 -
Upplýsingamiðlun	- 4 -
Heimsóknir	- 5 -
EES-samningurinn	- 5 -
Málsmeðferð í nefndum	- 6 -
Evrópa 2020	- 6 -
Innrimarkaðslöggjöf	- 6 -
Orkumál.....	- 7 -
Loftslagsmál	- 7 -
Flugöryggisstofnun Evrópu.....	- 8 -
Tilskipun um þjónustu hljóð- og myndmiðla.....	- 8 -
Nýtt eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu	- 8 -
Nýjar reglur um samræmingu almannatrygginga.....	- 9 -
Matvæli.....	- 9 -
Nýjar reglur um samtalskerfi.....	- 9 -
Tilskipun um varðveislu upplýsinga	- 10 -
Heilbrigðismál	- 10 -
Neytendavernd	- 10 -
Tilskipun um innstæðutryggingakerfi	- 10 -
Tilskipun um pósthjónustu	- 10 -
Rannsóknir og nýsköpun	- 11 -
Þátttaka í áætlunum ESB.....	- 11 -
Schengen	- 11 -
Viðbrögð við straumi flóttamanna frá Norður-Afríku	- 11 -
Ný stofnun um rekstur stórra upplýsingakerfa	- 12 -
Landamærastofnun Evrópu	- 12 -
Aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Schengen-svæðinu	- 12 -
Evrópski landamærasjóðurinn.....	- 12 -
Innleiðing VIS	- 12 -
Schengen-úttekt á Íslandi	- 12 -
Vinna við undirbúning aðildarviðræðna við ESB	- 13 -

Greining á löggjöf - rýnivinna.....	- 13 -
Utanríkismál Evrópusambandsins	- 13 -
Utanríkisþjónusta ESB (EEAS)	- 14 -
Endurbætt nágrannastefna ESB.....	- 14 -
Formennskuríki ESB 2011	- 15 -
Ungverska formennskan (janúar – júní 2011).....	- 15 -
Pólska formennskan (júlí – desember 2011)	- 16 -
Aðgerðir og lagabreytingar vegna evrunnar	- 18 -
Endurskoðun sameiginlegrar landbúnaðarstefnu ESB.....	- 18 -
Endurskoðun sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB	- 20 -
Helstu mál til meðferðar á Evrópuþinginu fyrri hluta árs 2011.....	- 21 -
Inngangur	- 21 -
Löggjöf tekin upp með sameiginlegri ákvörðun	- 21 -
Löggjöf tekin upp með samþykki.....	- 22 -
Ályktanir án lagalegra áhrifa.....	- 23 -
Evrópuþingið – samskipti við Ísland.....	- 23 -

Inngangur

Almennt um starfsemi sendiráðsins

Meginhlutverk sendiráðs Íslands í Brussel er hagsmunagæsla gagnvart Evrópusambandinu (ESB). Að auki gegnir það hefðbundnum sendiráðsstörfum gagnvart umdæmisríkjum þess sem eru Belgía, Holland, Lúxemborg, Sviss og San Marínó.

Sem sendiráð Íslands gagnvart Evrópusambandinu (ESB) hefur sendiráðið í Brussel sinnt rekstri EES- og Schengen-samninganna í rúman áratug í nánu samstarfi við ráðuneyti og stofnanir á Íslandi. Hinn formlegi rekstur EES-samningsins fer fyrst og fremst fram á vettvangi fastanefndar EFTA, sameiginlegu nefndar EES, eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og EFTA-dómstólsins í Lúxemborg. Jafnframt taka fulltrúar Íslands þátt í ótal vinnunefndum framkvæmdastjórnar ESB þar sem atriði er varða framkvæmd og þróun reglna innan ESB, og þar af leiðandi á EES-svæðinu, eru til umfjöllunar. Ísland hefur aðgang að stjórnarnefndum á vettvangi rannsókna og þróunar, um matvælaöryggi o.fl. en hefur hins vegar ekki atkvæðisrétt á þessum vettvangi. Hvað varðar rekstur Schengen-samstarfsins fer sú vinna fyrst og fremst fram á vettvangi samsettu nefndarinnar og sérfræðinganefnda hennar.

Ekki síður mikilvægt en hið formlega samstarf eru óformleg samskipti við ESB og aðildarlönd þess í því augnamiði að afla upplýsinga og reka erindi landsins eftir óformlegum leiðum þegar þörf krefur.

Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu hefur aukið hlutverk sendiráðsins enn frekar. Sendiráðið starfar í náinni samvinnu við aðalsamningamann og samningahópa m.a. því að tryggja greitt upplýsingaflæði. Sendiráðið er í daglegum samskiptum við sendiráð hinna 27 aðildarríkja ESB. Þetta á einkum við um fastafulltrúa þessara landa gagnvart ESB, fulltrúa í vinnuhópi ráðherraráðsins um stækkunarmál og fulltrúa í lykilnefndum ráðsins sem sinna málefnum sem eru einkar mikilvæg fyrir íslenska hagsmuni s.s. á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar, fjármálaþjónustu, efnahagsmála, orkumála, byggðamála o.fl. Sendiráðið á og tíð samskipti við fjölda þingmanna á Evrópuþinginu og við þingnefndir sem og starfsmenn þeirra. Jafnframt á sendiráðið tíð samskipti við stækkunardeild framkvæmdastjórnarinnar (e. *DG Enlargement*) sem hefur umsjón með aðildarviðræðum við Ísland fyrir hönd ESB og heldur uppi samskiptum við einstakar stjórnardeildir framkvæmdastjórnarinnar.

Starfsmannabreytingar á tímabilinu

Í byrjun árs tók Þórir Ibsen við stöðu sendiherra Íslands gagnvart ESB af Stefáni Hauki Jóhannessyni sendiherra og aðalsamningamanni Íslands í aðildarviðræðum við ESB, sem fluttist heim til starfa í utanríkisráðuneytinu. Hreinn Hrafnkelsson sem gegnt hafði starfi fulltrúa iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis um árabil, sneri aftur til starfa í iðnaðarráðuneytinu. Tómas Brynjólfsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, hóf störf í sendiráðinu þann 1. júlí. Þá urðu starfsmannaskipti á tímabilinu en þær Brynhildur Ingimarsdóttir og Katrín Pálsdóttir hófu 6 mánaða starfsnám þann 1. mars. Þær tóku við af Jóhannesi Vollertsen og Valgerði Húnbogadóttur.

Upplýsingamiðlun

Þessari skýrslu er ætlað að gefa yfirlit um málefni sem hafa verið efst á baugi í starfi sendiráðsins á fyrri hluta ársins 2011. Þeir sem þekkja til fyrri hálfársskýrslna sendiráðsins munu sjá að efnistöð hafa breyst frá því sem áður var. Ekki er lengur um ítarlega umfjöllun að ræða um einstaka málaflokka á ábyrgðarsviði hvers fagráðuneytis á Íslandi, eins og tíðkaðist til margra ára. Ástæðuna má rekja til fækkunar fulltrúa annarra ráðuneyta í sendiráðinu. Þess í stað er leitast við að gefa stutt yfirlit um helstu mál sem hafa verið til umfjöllunar á vettvangi

EES, í vinnunni sem fylgir undirbúningi aðildarviðræðna að ESB og á öðrum vettvangi sem unnið er á. Gefið er yfirlit um störf formennskuríkis ESB á tímabilinu og litið til þess sem vænta má af núverandi formennsku. Þá er kastljósinu sérstaklega beint að nokkrum málaflokkum sem hafa verið fyrirferðamiklir hjá ESB á tímabilinu og sérstök grein gerð fyrir þeim.

Heimsóknir

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fór fyrir sendinefnd Íslands á ríkjaráðstefnu ESB og Íslands þann 27. júní sl. þar sem samningaviðræðum um fyrstu fjóra samningskafla aðildarviðræðna Íslands við ESB var ýtt úr vör. Ráðherrann fundaði jafnframt með Stefan Füle framkvæmdastjóra stækkunarmála ESB, Maria Damanaki framkvæmdastjóra sjávarútvegsmála ESB og Olli Rehn framkvæmdastjóra ESB á sviði efnahags- og peningamála.

Árni Páll Árnason efnahags- og viðskiptaráðherra sótti hádegisverðarfund efnahags- og fjármálaráðherra ESB (ECOFIN) með ráðherrum umsóknarríkja um efnahagsáætlanir ríkjanna (e. *pre-accession economic programmes*). Með honum í för var Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Jafnframt átti ráðherrann fundi með Olli Rehn framkvæmdastjóra ESB á sviði efnahags- og peningamála, Michel Barnier framkvæmdastjóra innri markaðarins og þjónustu, og Jean-Claude Trichet bankastjóra Evrópska seðlabankans. Ráðherra og seðlabankastjóri tóku jafnframt þátt í pallborðsumræðum á vegum CEPS (e. *Centre for European Policy Studies*).

Þá skal þess getið að Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir forseti Alþingis sótti ráðstefnu þingforseta aðildarríkja ESB í byrjun apríl.

Að vanda hafa hópar sótt sendiráðið heim en slíkar heimsóknir eru hluti af reglubundinni starfsemi sendiráðsins. Í kjölfar umsóknar um aðild að ESB hefur heimsóknnum fjölgað. Á fyrri árhelmingi ársins 2011 má nefna heimsókn laganema frá Háskóla Íslands, laganema frá Háskólanum á Akureyri, sænska háskólanema frá háskólanum í Lundi, heimsókn hóps sveitarstjórnarmanna, starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar, starfsmanna héraðsdómstóla á Íslandi og þingmanna forsætisnefndar Norðurlandaráðs. Sendiráðið hefur gert sitt ítrasta til að undirbúa komu slíkra gesta með sem bestum hætti og sníða dagskrá að þörfum hvers hóps. Auk þess að kynna þeim starfsemi sendiráðsins m.a. með erindum fulltrúa ráðuneytanna um þá málaflokka sem þeir sinna, hefur sendiráðið gjarnan náði samstarf við EFTA og ESA um samsetningu dagskrár og leitar til stofnana Evrópusambandsins og annarra sérfræðinga um kynningar eftir því sem við á. Gott samstarf er við Skrifstofu samtaka sveitarfélaga í Brussel um skipulag heimsókna sveitarstjórnafólks.

EES-samningurinn

Sameiginlega EES-nefndin hittist fjórum sinnum fyrri hluta árs 2011 og tók 89 ákvarðanir um að taka alls 231 gerð upp í EES-samninginn.

Aukafundur var haldinn í sameiginlegu EES-nefndinni 14. janúar 2011 vegna ágreinings ESB og Íslands um makrílveiðar.

ESB fór með formennsku í sameiginlegu EES-nefndinni 1. janúar til 1. júlí 2011 en Noregur fór með formennskuna í fastanefnd EFTA.

Þess má geta að umsjón með samskiptum ESB við EES EFTA ríkin hefur verið flutt frá deild framkvæmdastjórnarinnar sem sér um utanríkismál (DG Relex) til utanríkisþjónustu ESB (e. *European External Action Service*) sem tók formlega til starfa 1. desember 2010.

35. fundur EES ráðsins var haldinn 23. maí í Brussel. Fundinum var stýrt af János Martonyi, utanríkisráðherra Ungverjalands. Þórir Ibsen, sendiherra, sat fundinn fyrir Íslands hönd í forföllum utanríkisráðherra. Að venju var rætt um rekstur og framkvæmd EES-samningsins og mál sem eru þar efst á baugi. Meðal þeirra var Evrópa 2020 áætlunin, orku- og loftslagsmál og áhrif fjármálakreppunnar á EES-samstarfið og eftirlit með fjármálakerfum. Undir liðnum pólitískt samráð var fjallað um Norður-Afríku og Mið-Austurlönd sem og sjóræningjastarfsemi við strendur Sómalíu.

Á vormánuðum 2010 var undirritaður samningur um þróunarsjóð EFTA fyrir tímabilið 2009-2014. Samhliða þessum samningi var endurnýjaður samningur Noregs og ESB um sérstök tvíhliða framlög Noregs til ríkjanna sem gengu í ESB og EES árin 2004 og 2007. Nú er unnið að því að ljúka gerð viljayfirlýsinga (e. *Memoranda of Understanding*) við styrkþegaríkin.

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu málin sem hafa verið til umfjöllunar í EES-samstarfinu fyrri hluta árs 2011:

Málsmeðferð í nefndum

Eftir gildistöku Lissabonsáttmálans hafa reglur ESB tekið breytingum hvað varðar málsmeðferð í nefndum skipuðum fulltrúum aðildarríkjanna á sviðum þar sem ráðherraráðið og þingið hafa framselt vald til framkvæmdastjórnarinnar (e. *comitology procedures*). EES EFTA ríkin hafa unnið að því að tryggja áframhaldandi þátttöku sérfræðinga frá EES EFTA ríkjunum í nefndunum og er nú vísað til EES EFTA ríkjanna í innri reglum framkvæmdastjórnarinnar þannig að EES EFTA ríkjunum verði boðin þátttaka með sama hætti og áður.

Evrópa 2020

Evrópa 2020 efnahagsáætlun ESB var samþykkt í mars 2010. Í áætluninni eru sett fram sjö forgangsverkefni (e. *Flagship Initiatives*) til að ná markmiðum hennar; “*Digital Agenda for Europe*”, “*Youth on the Move*”, “*Innovation Union*”, “*Integrated Industrial Policy for the Globalisation Era*”, “*Agenda for Skills and Jobs*”, “*European Platform against Poverty and Social Exclusion*” og “*Resource-Efficient Europe*”. Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt nánari útfærslu á þeim. Forgangsverkefnin innihalda þætti sem falla undir EES-samninginn og munu EES EFTA ríkin fylgjast náið með áætluninni og sérfræðingar í vinnuhópunum fara yfir tillögurnar. EFTA skrifstofan hefur gert úttekt á áætluninni og forgangsverkefnunum.

Innrimarkaðslöggjöf

Framkvæmdastjórnin lagði fram tillögu í apríl 2011 að nýrri löggjöf um innri markaðinn (e. *Single Market Act*). Tillögunum er ætlað að blása nýju lífi í innri markaðinn og auka atvinnutækifæri ásamt því að bæta viðskipti. Þar er að finna 12 stefnumarkandi svið (e. *policy areas*) þar sem skilgreind er lykilaðgerð (lagatillaga) fyrir hvert svið. Því til viðbótar eru um 40-50 aðgerðir sem flestar eru nú þegar í pípunum. Margar af þessum aðgerðum er einnig að finna í forgangsverkefnum (e. *flagships*) Evrópu 2020 áætlunarinnar. EES EFTA ríkin komu sjónarmiðum sínum á framfæri á fundi Internal Market Advisory Committee við gerð tillagnanna. Einnig voru sameiginlegar EFTA athugasemdir sendar til framkvæmdastjórnarinnar í mars 2011.

Orkumál

EES EFTA ríkin hafa unnið að upptöku s.k. þriðja orkupakka í EES samninginn (e. *Third Package for the Internal Energy Market*¹). Meginmarkmið gerðanna er að koma á innri orkumarkaði fyrir gas og rafmagn. Aðstæður í EES EFTA ríkjunum eru mjög mismunandi og því hefur reynst tímafrekt að vinna drög að ákvörðun um upptöku gerðanna í EES-samninginn en búast má við að þær verði teknar upp í samninginn innan skamms.

Einnig hefur verið til umræðu upptaka tilskipunarinnar um endurnýjanlega orkugjafa (e. *Renewable Energy Sources Directive*²) í EES-samninginn. Markmið tilskipunarinnar er að auka framleiðslu endurnýjanlegrar orku í ESB ríkjunum og að ESB ríkin verði síður háð utanaðkomandi orkugjöfum. Bæði Ísland og Noregur hafa hærra hlutfall af endurnýjanlegum orkugjöfum en ESB ríkin hafa að meðaltali. Ísland og Noregur eiga nú í viðræðum við framkvæmdastjórnina um hvaða viðmið eigi að gilda varðandi aukningu á notkun endurnýjanlegra orkugjafa í löndunum tveimur samkvæmt tilskipuninni.

Framkvæmdastjórnin kynnti í mars s.l. áætlun um orkunýtni fyrir árið 2011 (e. *Energy Efficiency Plan 2011*) um hvernig bæta megi orkunýtni í Evrópu og fylgjast EES EFTA ríkin náið með tillögum að löggjöf sem lagðar verða fram í framhaldinu.

Loftslagsmál

Tilskipun um útvíkkun viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda³ til flugstarfsemi var tekin upp í EES-samninginn 1. apríl 2011. Flugstarfsemi verður því felld undir viðskiptakerfið frá og með 1. janúar 2012. Er því fyrir séð að frá og með þeim tíma muni Ísland taka að fullu þátt í viðskiptakerfinu. Nú eru til umfjöllunar innan EES EFTA gerðir sem þörf er á fyrir framkvæmd kerfisins.

Til umfjöllunar innan EFTA er jafnframt tilskipun um endurskoðun á viðskiptakerfi ESB með gróðurhúsalofttegundir⁴ og aðrar gerðir tengdar því (varðandi uppboð, viðmið (e. *benchmarking*), kolefnisleka o.fl.). Sérfræðingar EES EFTA ríkjanna hafa átt fundi með framkvæmdastjórninni varðandi þátttöku ríkjanna í kerfinu og nauðsynlegar aðlaganir hafa verið ræddar. Seinna viðskiptatímabil viðskiptakerfis ESB rennur út árið 2012 og er fyrir séð að færri losunarheimildir verði gefnar út á hverju ári frá árinu 2013. Einnig er gert ráð fyrir að kerfið muni ná yfir áliðnað og fleiri nýjar lofttegundir á næsta tímabili. Einnig verður smám saman snúið frá því að veita endurgjaldslausar losunarheimildir yfir í að losunarheimildirnar verði boðnar upp.

1 Orkupakkinn samanstendur af eftirfarandi gerðum: Directive 2009/72/EC concerning common rules for the internal market in electricity and repealing Directive 2003/54/EC. Directive 2009/73/EC concerning common rules for the internal market in natural gas and repealing Directive 2003/55/EC. Regulation (EC) No 713/2009 establishing an Agency for the Cooperation of Energy Regulators. Regulation (EC) No 714/2009 on conditions for access to the network for cross-border exchanges in electricity and repealing Regulation (EC) No 1228/2003. Regulation (EC) No 715/2009 on conditions for access to the natural gas transmission networks and repealing Regulation (EC) No 1775/2005.

2 Directive 2009/28/EC on the promotion of the use of energy from renewable sources and amending and subsequently repealing Directives 2001/77/EC and 2003/30/EC.

3 Directive 2008/101/EC of the European Parliament and of the Council of 19 November 2008 amending Directive 2003/87/EC so as to include aviation activities in the scheme for greenhouse gas emission allowance trading within the Community.

4 Directive 2009/29/EC of the European Parliament and of the Council of 23 April 2009 amending Directive 2003/87/EC so as to improve and extend the greenhouse gas emission allowance trading scheme of the Community.

Flugöryggisstofnun Evrópu

Unnið hefur verið að upptöku reglugerðar í EES-samninginn um sameiginlegar reglur í almenningssflugum og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu⁵. Um er að ræða endurnýjun á fyrri reglugerð um sama efni. Í 25. gr. reglugerðarinnar er framkvæmdastjórninni heimilað, að beiðni EASA, að leggja sektir á einstaklinga eða fyrirtæki vegna brota á reglum. EES EFTA ríkin hafa nú fallist á að meðferð sambærilegs sektarvalds liggja hjá ESA. Drög að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku reglugerðarinnar er nú til skoðunar hjá framkvæmdastjórn ESB.

Tilskipun um þjónustu hljóð- og myndmiðla

Tilskipun ESB um þjónustu hljóð- og myndmiðla⁶ miðar að því að skapa fullkominn innri markað fyrir þjónustu hljóð- og myndmiðla með því að eyða lagalegum og stjórnsýslulegum hindrunum hvað varðar veitingu slíkrar þjónustu á milli ríkja ESB. Noregur hefur óskað eftir að fá undanþágur frá ákvæðum tilskipunarinnar með því að fá að banna áfengisauklýsingar sjónvarpsstöðva sem setja upp starfsemi sína í öðru landi og sýna þaðan til Noregs í því skyni að komast hjá innlendu banni við áfengisauklýsingum. Þessu hefur verið alfarið hafnað af hálfu framkvæmdastjórnarinnar. Svíþjóð reyndi að fá sams konar undanþágu frá ákvæðum tilskipunarinnar við setningu hennar en án árangurs. Beðið er formlegs svars frá framkvæmdastjórninni.

Nýtt eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu

Nýtt eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu tók gildi 1. janúar s.l.⁷ Með því var sett á stofn evrópsk kerfisáættunefnd auk þriggja nýrra eftirlitsstofnana á sviði bankamála, verðbréfamála og váttryggingar- og starfstengdra lífeyrismála. Eftirlitsstofnanirnar þrjár komu í stað eftirlitsnefnda sem áður störfuðu á umræddum sviðum. Meðal nýjunga er að stofnanirnar munu hafa frumkvæði að og semja drög að reglum sem verða bindandi fyrir aðildarríki og eftirlitsstofnanir þeirra (aðallega tæknilegar reglur) en framkvæmdastjórn ESB staðfestir þær. Stofnanirnar munu einnig hafa ákveðnar valdheimildir til að fylgja framkvæmd Evrópulöggjafar eftir, auk þess sem framkvæmdastjórnin fer með eftirlit, þ.m.t. gagnvart einstökum fyrirtækjum á fjármálamarkaði í þeim tilvikum þegar eftirlitsaðilar í viðkomandi aðildarríki tryggja ekki eftirfylgni við gildandi regluverk. Þá munu þær hafa vald til að skera úr ágreiningi milli tveggja eða fleiri eftirlitsaðila vegna fjármálastarfsemi sem veitt er yfir landamæri.

Þátttaka EES EFTA ríkjanna í stofnununum er nú til umræðu í vinnuhópi EFTA um fjármálaþjónustu og hafa EES EFTA ríkin átt óformlegan fund með framkvæmdastjórninni um málið. Þessar nýju stofnanir hafa víðtækari heimildir en fordæmi eru fyrir í öðrum

⁵ Regulation (EC) No 216/2008 of the European Parliament and of the Council of 20 February 2008 on common rules in the field of civil aviation and establishing a European Aviation Safety Agency, and repealing Council Directive 91/670/EEC, Regulation (EC) No 1592/2002 and Directive 2004/36/EC.

⁶ Directive 2007/65/EC of the European Parliament and of the Council of 11 December 2007 amending Council Directive 89/552/EEC on the coordination of certain provisions laid down by law, regulation or administrative action in Member States concerning the pursuit of television broadcasting activities.

⁷ Regulation (EU) No 1093 of the European Parliament and of the Council of 24 November 2010 establishing a European Supervisory Authority (European Banking Authority), amending Decision No 716/2009/EC and repealing Commission Decision 2009/78/EC. Regulation (EU) No 1094/2010 of the European Parliament and of the Council of 24 November 2010 establishing a European Supervisory Authority (European Insurance and Occupational Pensions Authority), amending Decision No 716/2009/EC and repealing Commission Decision 2009/79/EC. Regulation (EC) No. 1095/2010 of the European Parliament and of the Council of 24 November 2010 establishing a European Supervisory Authority (European Securities and Markets Authority), amending Decision No 716/2009/EC and repealing Commission Decision 2009/77/EC.

stofnunum sem EES EFTA ríkin hafa tekið þátt í áður og er því nauðsynlegt að ræða ítarlega með hvaða hætti gerðirnar verði innleiddar með hliðsjón af tveggja stöða kerfi EES-samningsins og stjórnskipun ríkjanna.

Nýjar reglur um samræmingu almannatrygginga

Reglugerð 883/2004 um nýjar endurskoðaðar samræmingarreglur um almannatryggingar voru teknar upp í EES-samninginn 1. júlí 2011. Reglugerðin kemur í stað eldri reglna um sama efni, en gildissvið reglnanna er þó rýmkað að því leyti að reglugerðin tekur einnig til einstaklinga sem tryggðir eru í aðildarríki en hafa ekki verið á vinnumarkaði. Í reglugerðinni eru meginreglurnar um jafnræði, samlagningu áunninna tímabila og greiðslur bóta milli landa styrktar, réttindi tryggðra einstaklinga eru aukin með ýmsum efnislegum breytingum og breytingar eru gerðar varðandi uppgjör sjúkrakostnaðar milli aðildarríkjanna.

Matvæli

Til umræðu innan EES EFTA ríkjanna eru drög að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku gerða um nýfæði⁸ og erfðabreytt matvæli og fóður⁹ þar sem kveðið er á um samþykki til markaðssetningar, rekjanleika og merkingar. Grunngerðirnar hafa verið til umfjöllunar innan EES EFTA ríkjanna frá því 2004 en nú nýlega hefur ríkisstjórn Noregs komist að niðurstöðu um málið og hefur Noregur lagt til breyttan aðlögunartexta. Sá texti er nú til skoðunar á Íslandi og í Liechtenstein.

Nýjar reglur um samtalskerfi

ESB samþykkti nýjar reglur um samtalskerfi (e. telecom package) í desember 2009¹⁰. Reglunum er ætlað að efla samkeppni og rétt neytenda á mörkuðum Evrópu. EES EFTA ríkin ræða nú upptöku þessara gerða í EES-samninginn. Meðal þeirra atriða sem rædd hafa verið er þátttaka EES EFTA ríkjanna í nýju kerfi evrópskra eftirlitsaðila rafrænna samskipta (e. *Body of European Regulators for Electronic Communications* (BEREC)) og hafa fjölmargir fundir verið haldnir milli EES EFTA ríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að ræða það. Gert er ráð fyrir því að þakkinn verði tekinn upp í EES-samninginn árið 2011.

⁸ Regulation (EC) No 258/97 of the European Parliament and of the Council of 27 January 1997 concerning novel foods and novel food ingredients.

⁹ Regulation (EC) No 1829/2003 of the European Parliament and of the Council of 22 September 2003 on genetically modified food and feed. Regulation (EC) No 1830/2003 of the European Parliament and of the Council of 22 September 2003 concerning the traceability and labelling of genetically modified organisms and the traceability of food and feed products produced from genetically modified organisms and amending Directive 2001/18/EC.

¹⁰ Þakkinn samanstendur af eftirfarandi gerðum: Regulation (EC) No 1211/2009 establishing the Body of European Regulators for Electronic Communications (BEREC). Directive 2009/136/EC of the European Parliament and of the Council of 25 November 2009 amending Directive 2002/22/EC on universal service and users' rights relating to electronic communications networks and services, Directive 2002/58/EC concerning the processing of personal data and the protection of privacy in the electronic communications sector and Regulation (EC) No 2006/2004 on cooperation between national authorities responsible for the enforcement of consumer protection laws. Directive 2009/140/EC of the European Parliament and of the Council of 25 November 2009 amending Directives 2002/21/EC on a common regulatory framework for electronic communications networks and services, 2002/19/EC on access to, and interconnection of, electronic communications networks and associated facilities, and 2002/20/EC on the authorisation of electronic communications networks and services.

Tilskipun um varðveislu upplýsinga

Tilskipun 2006/24/EB um varðveislu upplýsinga¹¹ varðar m.a. vörslu tölvugagna og símaupptaka. Upptaka tilskipunarinnar í EES-samninginn hefur tafist m.a. þar sem mikil pólitísk andstaða hefur verið við tilskipunina í Noregi á grundvelli persónuverndarsjónarmiða. Noregur hefur nú fallist á að taka tilskipunina upp í EES-samninginn. Drög að ákvörðun um upptöku gerðarinnar í EES-samninginn er til umfjöllunar í EES EFTA ríkjunum.

Heilbrigðismál

ESB samþykkti í febrúar 2011 tilskipun um réttindi sjúklinga til heilsugæslu yfir landamæri¹². Markmið tilskipunarinnar er að bæta aðgang að öruggri hágæða heilsuþjónustu yfir landamæri og að ýta undir samvinnu milli aðildarríkjanna. Markmiðið er að skýra betur réttindi sjúklinga og skyldur með hliðsjón af endurgreiðslu lækniþjónustu í aðildarríki þegar þjónustan er fengin í öðru aðildarríki þar sem sjúklingurinn er ekki tengdur í almannatryggingakerfi landsins. Evrópudómstóllinn hefur nú þegar kveðið á um rétt til endurgreiðslu þegar heilbrigðisþjónusta er fengin í öðru aðildarríki. Tilskipunin er nú til umræðu í vinnuhópi EFTA.

Neytendavernd

ESB vinnur nú að nýrri tilskipun um réttindi neytenda. Tillaga framkvæmdastjórnarinnar er sú að tilskipunin felli fjórar gildandi tilskipanir á þessu sviði í eina og uppfæri þær miðað við nýjustu tækninýjungar og er ætlað að styrkja rétt neytenda. EES EFTA ríkin hafa fylgst náið með málinu og sendu sameiginlegar athugasemdir við skýrslu Evrópuþingsins í september 2010 og einnig árið 2009 við upphaflega tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Gert er ráð fyrir að tilskipunin verði samþykkt af ESB nú haustið 2011.

Tilskipun um innstæðutryggingakerfi

ESB samþykkti tilskipun um innstæðutryggingakerfi í mars 2009¹³. Tilskipunin kveður m.a. á um hækkun á upphæð tryggingarinnar í öllum ESB ríkjunum frá 20.000 evrum í 100.000 evrum og styttrir fresti til endurgreiðslu úr fjórum mánuðum í einn mánuð. Noregur hefur óskað eftir þeirri undanþágu frá tilskipuninni þess efnis að fá að halda áfram upphæðinni sem kveðið er á um í norskum reglum, þ.e. 2 milljónir norskra króna. ESB hefur hafnað því og segir að nauðsynlegt sé að halda samræmingu innan EES svæðisins til að koma í veg fyrir samkeppnishindranir. Noregur hefur átt í viðræðum við framkvæmdastjórnina um málið. Á sama tíma fer fram endurskoðun tilskipunarinnar innan ESB og hefur Noregur komið athugasemdum sínum þar á framfæri í þeim tilgangi að hafa áhrif á efni tilskipunarinnar þannig að Noregur geti haldið sinni upphæð samkvæmt endurskoðaðri tilskipun.

Tilskipun um pósthjónustu

Tilskipun um pósthjónustu¹⁴ hefur verið til umfjöllunar innan EFTA ríkjanna um nokkurn tíma. Um er að ræða þriðju tilskipunina og lokaáfangann í því að opna fyrir samkeppni með pósthjónustu innan ESB. Með tilskipuninni er m.a. einkaréttur afnuminn á póstdreifingu á

¹¹ Directive 2006/24/EC of the European Parliament and of the Council of 15 March 2006 on the retention of data generated or processed in connection with the provision of publicly available electronic communications services or of public communications networks and amending Directive 2002/58/EC.

¹² Directive 2011/24/EU of the European Parliament and of the Council of 9 March 2011 on the application of patients' rights in cross-border healthcare.

¹³ Directive 2009/14/EC of the European Parliament and of the Council of 11 March 2009 amending Directive 94/19/EC on deposit-guarantee schemes as regards the coverage level and the payout delay.

¹⁴ Directive 2008/6/EC of the European Parliament and of the Council of 20 February 2008 amending Directive 97/67/EC with regard to the full accomplishment of the internal market of Community postal services.

bréfum sem vege 50 gr. eða minna. Ísland hefur óskað eftir aðlögun og frestað innleiðingu tilskipunarinnar til 31. desember 2012 í ljósi íbúafjölda og landfræðilegra aðstæðna. Ellefu aðildarríki ESB hafa fengið þessa aðlögun. Málið hefur verið mjög umdeilt í Noregi og hefur ríkisstjórn Noregs tekið ákvörðun um að taka tilskipunina ekki upp í EES-samninginn. ESB hefur verið upplýst um afstöðu Noregs og hafa viðræður hafist um málið milli Noregs og ESB.

Rannsóknir og nýsköpun

EES EFTA ríkin fylgjast náið með aðgerðum til að koma á fót evrópsku rannsóknasvæði (e. *European Research Area*), þ.á m. möguleikanum á þátttöku EES EFTA ríkjanna í “European Research Infrastructure Consortium (ERIC)”¹⁵ sem ætlað er að auðvelda sameiginlega stofnun og rekstur innviða til rannsókna í Evrópu. Drög að ákvörðun um upptöku gerðarinnar í EES-samninginn hefur verið til umræðu í vinnuhópi EFTA um rannsóknir og þróun.

Þátttaka í áætlunum ESB

EES EFTA ríkin hafa fylgst náið með áætlunum ESB (2007-2013) og áformum um nýjar áætlanir sem hefjast 2014.

EES EFTA ríkin sendu í maí 2011 sameiginlegar athugasemdir í opið samráð ESB um mögulegan arftaka PROGRESS áætlunarinnar (2007-2013) um atvinnumál og félagslega samstöðu og vegna framtíðaráætlana ESB á sviði menntunar, þjálfunar og æsku (2014-2020). Jafnframt sendi mennta- og menningarmálaráðuneytið ESB afstöðu til grænbókar um framtíð rannsókna- og nýsköpunaráætlana Sambandsins.

Framkvæmdastjórnin mun senda frá sér tillögur að nýjum áætlunum seinni hluta árs 2011. Þegar hefur verið tilkynnt um nýtt nafn á rammaáætlun á sviði vísinda- og nýsköpunar (e. *Horizon 2020*) og það eru komin vinnuheiti á nýjar áætlanir á sviði, æskulýðs, mennta- (e. *Education Europe*) og menningarmála (e. *Creative Europe*). Nánar verður fjallað um nýjar áætlanir ESB í næstu yfirlitsskýrslu sendiráðsins.

Schengen

Viðbrögð við straumi flóttamanna frá Norður-Afríku

Lýðræðisbyltingarnar í Norður-Afríku höfðu í för með sér gríðarlegt streymi uppflosnaðs fólks til Evrópu. Þau ríki Evrópusambandsins sem fyrir mestum erfiðleikum urðu vegna þessa eru Ítalía og Malta. Flest fólk barst til eyjarinnar Lampedúsa sem liggur við strendur Ítalíu. Þangað bárust tæplega 30 þúsund manns, flestir frá Túnis, en í flestum tilvikum var um að ræða fólk í atvinnuleit og sem telst því ekki flóttafólk og því mögulegt að senda til baka. Töluvert færri komu til Möltu, eða tæplega þúsund manns, en miðað við stærð maltnesku þjóðarinnar er fjöldinn töluverður og var um að ræða flóttamenn sem rétt eiga á alþjóðlegri vernd.

Til að bregðast við þessum vanda lýsti framkvæmdastjórn ESB því yfir að hún væri tilbúin til að virkja samstöðuáðgerð tilskipunarinnar *Temporary Protection Directive*, sem samþykkt var árið 2001 til að bregðast við flóttamannastraumi frá Kósóvó, ef viðkomandi fólk á landsflótta flokkaðist sem flóttamenn sem þurfi á alþjóðlegri vernd að halda og ef innstreymið væri gríðarlegt fyrir Evrópusambandsvæðið í heild. Framkvæmdastjórnin greip jafnframt til

¹⁵ Council Regulation (EC) No 723/2009 of 25 June 2009 on the Community legal framework for a European Research Infrastructure Consortium (ERIC).

brynna skammtímaráðstafana til að eiga við ástandið við Miðjarðarhafið og þann þrýsting sem aðildarríki höfðu orðið fyrir vegna þess. Ísland tók meðal annars þátt í aðgerðunum með því að senda varðskip Landhelgisgæslunnar til að sinna verkefnum fyrir Frontex á Miðjarðarhafinu. Jafnframt samþykktu aðildarríkin tillögur Cecilia Malmström, framkvæmdastjóra innanríkismála, um aðgerðir til að efla landamæraeftirlit og stjórnun Schengen, og til að ljúka við að koma á sameiginlegu evrópsku kerfi fyrir hælisleitendur, markvissan löglegan fólksflutning, skipti á upplýsingum um bestu starfsvenjur í málaflokknum og skipulagða nálgun í samskiptum við þriðju ríki varðandi fólksflutninga.

Ný stofnun um rekstur stórra upplýsingakerfa

Markmiðið er að stofnunin hefji störf sumarið 2012. Höfuðstöðvar stofnunarinnar verða í Tallinn, Eistlandi, en störf hennar varðandi þróun og framkvæmd verða unnin í Strassborg, Frakklandi. Stofnunin verður ábyrg fyrir annarri kynslóð Schengen-upplýsingakerfisins, eftir gangsetningu þess (SIS II), upplýsingakerfi í vegabréfsáritanamálum (VIS) og upplýsingakerfi í hælismálum (EURODAC). Enn þarf lokasamþykki Evrópuþingsins til að stofnunin geti hafið störf.

Landamærastofnun Evrópu

Endurskoðun á reglum landamærastofnunar Evrópu (FRONTEX) hefur nú staðið yfir frá því í febrúar 2010. Helstu útistandandi atriði varðandi endurskoðunina eru tímabundin tilfærsla landamæravarða til sameiginlegs stuðningshóps landamærastofnunarinnar, eftirlit með flutningi fólks til síns heima og stofnun og heiti á sameiginlegum hópi landamæravarða sem starfa mun við sameiginlegar aðgerðir stofnunarinnar sem og við aðgerðir sem snúa að flýtiinngripi. Ráð ESB, framkvæmdastjórnin og Evrópuþingið komust að samkomulagi um lagabreytingarnar í lok júní 2011.

Aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Schengen-svæðinu

Ráðherraráðið samþykkti niðurstöður varðandi aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Schengen-svæðinu á fundi í Lúxemborg, 9. júní sl. Í þeim niðurstöðum kemur fram að Schengen-úttektum í löndunum sé lokið og að ráðið muni koma aftur að aðild þeirra ekki seinna en í september 2011.

Evrópski landamærasjóðurinn

Umsóknir um styrki úr landamærasjóðnum eru unnar afturvirkir og styrkir eru veittir fyrir líðandi ár. Á síðastliðnu misseri var langtímaáætlun Íslands varðandi landamæri fyrir árin 2009-2013 samþykkt af framkvæmdarstjórn ESB. Í beinu framhaldi af því hófst vinna við ársáætlun Íslands fyrir árin 2009 og 2010. Sú áætlun var samþykkt á vormánuðum og hófst þannig full þátttaka Íslands í landamærasjóðnum. Undirbúningur fyrir styrkumsóknir vegna hinna ýmissa verkefna er nú hafinn.

Innleiðing VIS

VIS, eða *Visa Information System*, er sameiginlegt kerfi fyrir umsóttar og útgefnar vegabréfsáritanir í Schengen-ríkjunum. Kerfið hefur verið í þróun um árabil, en áætluð gangsetning í ríkjunum Schengen-samstarfsins er í október nk. Undirbúningur gangsetningar á Íslandi hefur gengið vel og er að hluta til hafinn, á undan áætlun.

Schengen-úttekt á Íslandi

Á þessu ári fer fram úttekt á framkvæmd Schengen reglna á Íslandi. Úttektin felst í því að til landsins kemur úttektanefnd sem skipuð er 5 til 18 tilnefndum fulltrúum frá Schengen-ríkjunum, framkvæmdarstjórninni og skrifstofu ráðsins. Fulltrúarnir eru sérfræðingar í þeim þáttum Schengen-samstarfsins sem sæta úttekt. Samkvæmt fyrirliggjandi áætlun mun

úttektarnefndin koma alls þrisvar sinnum til Íslands árið 2011 til að taka út framkvæmd landamæraeftirlits vegna flugsamgangna, samgangna á sjó og framkvæmd lögreglusamvinnu og persónuverndar. Þá ber að nefna að úttekt er gerð á útgáfu vegabréfsáritana í sendiráði Íslands í Peking, Kína.

Vinna við undirbúning aðildarviðræðna við ESB

Greining á löggjöf - rýnivinna

Áður en eiginlegar viðræður um einstaka samningskafla geta hafist er löggjöf umsóknarríkis greind kafla fyrir kafla í því skyni að sjá að hve miklu leyti hún er í samræmi við löggjöf ESB. Þetta er svokölluð rýnivinna (e. *screening process*) og fer hún fram á rýnifundum þar sem samningsaðilar útskýra löggjöf sína. Markmiðið er að afmarka þá þætti sem viðræður þurfa að beinast að. Rýnivinna í tengslum við aðildarumsókn Íslands að ESB hófst 15. nóvember 2010 og lauk 20. júní 2011. Alls voru rýndir 33 kaflar af regluverki ESB á tímabilinu nóvember 2010 til júní 2011. Í heildina gekk þessi vinna mjög vel, sendinefndir komu frá Íslandi á alla fundina, en auk þess var flestum fundanna varpað heim í gegnum netið. Þannig gátu þeir sérfræðingar og meðlimir samningahópanna sem ekki sóttu fundina í Brussel fylgst með rýnifundunum í beinni útsendingu. Framkvæmd fundanna stóðst í stórum dráttum fyrirframgerða áætlun og efnislegur undirbúningur bæði af hálfu framkvæmdastjórnarinnar og Íslands reyndist góður. Bodið var upp á túlkun á flestum fundanna, bæði á ensku og íslensku. Mikil vinna liggur að baki rýniferlinu; víðtækt samráð, gagnaöflun, undirbúningur og gerð kynninga. Skömmu eftir að síðasta rýnifundi lauk var haldin önnur ríkjaráðstefna ESB vegna aðildarumsóknar Íslands, þann 27. júní, þar sem fjórir samningskaflar voru opnaðir til samningaviðræðna. Það voru kaflar 5 (opinber innkaup), 10 (upplýsingamál), 25 (vísindi og rannsóknir), og 26 (menntun og menning). Síðastnefndu köflunum tveimur var hins vegar lokað samstundis, enda falla þeir undir EES-samninginn og Ísland hefur að fullu innleitt Evrópulöggjöfina sem þeim tengist í íslenskan rétt.

Utanríkismál Evrópusambandsins

Fulltrúar sendiráðs Íslands sóttu á fyrri árhelmingi 2011 fundi á vegum utanríkisþjónustu ESB (e. *European External Action Service*) fyrir hin svonefndu PSC+7 ríki, þ.e. Evrópuríki sem standa utan ESB en eru aðilar að NATO.

Fulltrúar frá sendiráði Íslands sóttu jafnframt eftirfarandi stefnufundi um utanríkismál ásamt öðrum umsóknarríkjum ESB:

- Stefnufund um mannréttindamál sem haldinn var í Brussel, 23. maí 2011. Fulltrúar Íslands, Króatíu, Makedóníu, Svartfjallalands og Tyrklands ásamt fulltrúum Evrópusambandsins fóru yfir stöðu mála varðandi umbætur á mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna (SP) og þriðju nefnd allsherjarþingsins. Voru áherslur ESB og umsóknarríkjanna innan Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu sem og innan Evrópuráðsins kynntar og fulltrúar ESB tjáðu sig um núverandi samskipti Sambandsins við Rússland og Kína. Auk þess var fjallað um trúfrelsi og réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender einstaklinga.
- Stefnufund um málefni Sameinuðu þjóðanna sem haldinn var í Brussel, 7. júlí 2011. Var farið yfir áherslur og samvinnu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, umbætur á stofnunum SP, Rio + 20 ráðstefnuna, loftlagsbreytingar, friðargæsluverkefni SP og ábyrgð ríkja á verndun borgara í stríðsátökum.

Fulltrúar frá sendiráði Íslands sóttu ennfremur eftirfarandi samráðsfundi um utanríkismál vegna stöðu Íslands sem EFTA-ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins:

- Samráðsfund vinnuhóps ESB og EFTA-ríkja innan EES um málefni Balkanskagans sem haldinn var í Brussel 4. maí 2011. Farið var yfir pólitíska þróun á svæðinu, þ.m.t. í tengslum við stöðugleika- og aðildarferlið (e. *Stabilisation and Association Process*) og skipst á skoðunum um svæðisbundið samstarf á svæðinu.
- COSCE samráðsfund fulltrúa ESB og EFTA-ríkja innan EES um málefni tengd Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og Evrópuráðinu, sem haldinn var í Brussel 16. júní 2011.

Utanríkisþjónusta ESB (EEAS)

Með Lissabon-sáttmálanum var stofnað embætti háttsetts fulltrúa utanríkis- og öryggismála ESB (e. *The High Representative of the Union for Foreign Affairs and Security Policy*), en Catherine Ashton var skipuð í það embætti í nóvember 2009. Embættið er æðsta staðan í nýrri utanríkisþjónustu ESB (e. *European External Action Service (EEAS)*), sem sér um almenn utanríkismál Sambandsins, öryggis- og varnarmálastefnu þess og hefur umsjón með upplýsingamiðstöð (e. *Situation Centre*) sem fylgist náið með gangi mála víða um heim. Hinn háttsetti fulltrúi stjórnar einnig utanríkisráðherrafundum ESB (e. *Foreign Affairs Council*) og er varaforseti framkvæmdastjórnarinnar.

Megnið af árinu 2010 fór í undirbúning að stofnun EEAS, vinnu við skipulag og tilfærslu verkefna, og þann 1. desember 2010 var utanríkisþjónusta ESB endanlega stofnuð. Frá þeim tíma hafa háttsetti fulltrúinn og EEAS unnið að því að ráða starfsfólk, færa til verkefni frá öðrum deildum og stofnunum ESB og almennt komið skipulagi á rekstur utanríkisþjónustunnar. Í janúar 2011 var lokið tilfærslu stórs hóps fulltrúa innan ESB og starfslíð EEAS samanstóð af 16 hundruð manns. Á fyrri hluta ársins 2011 hefur EEAS styrkst í störfum sínum og umgjörð stofnunarinnar skýrst. Enn er þó nokkuð í land þar til utanríkisþjónustan verður að fullu starfhæf, ekki hefur verið lokið við ráðningar og skipulag, og þjónustan á enn eftir að flytja inn í varanlegt húsnæði. Ljóst er þó að hin nýja EEAS er nú þegar áhrifamikil stofnun innan ESB og á eftir að verða ein mikilvægasta og valdamesta stofnun Sambandsins þegar fram í sækir. Fyrir Ísland og hin aðildarríki EES skiptir EEAS einnig miklu máli því hún hefur tekið við rekstri EES-samningsins af hálfu Sambandsins og verður gagnaðili EES-ríkjanna í samskiptum varðandi þau mál.

Endurbætt nágrannastefna ESB

Hinn 25. maí 2011 birti framkvæmdastjórn ESB áætlun um nýja nágrannastefnu (e. *European Neighbourhood Policy (ENP)*).¹⁶ Stefnan var samþykkt af utanríkisráði ESB þann 20. júní 2011. Hefur lýðræðishreyfingin í Norður-Afríku síðustu mánuði haft veruleg áhrif á áform ESB um að betrumbæta stefnu sína gagnvart nágrannarríkjum sínum. Evrópusambandið vill leggja áherslu á að koma til móts við lýðræðisvakninguna sem hefur átt sér stað víðs vegar í heiminum, en ný stefna ESB er tileinkuð nágrannarríkjum í suðri og austri sem eru sextán talsins.¹⁷

Sérstök nágrannastefna ESB var sett á laggirnar árið 2004, en hún hefur síðan þá komið á framfæri ýmsum mikilvægum verkefnum og þá einkum í tengslum við eflingu viðskipta og

¹⁶ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/world/enp/pdf/com_11_303_en.pdf

¹⁷ Þ.e. Alsír, Armenía, Aserbaídsjan, Hvíta-Rússland, Egyptaland, Georgía, Ísrael, Jordanía, Líbanon, Líbía, Moldavía, Marokkó, hernumin svæði Palestínu, Sýrland, Túnis og Úkraína.

atvinnulífs í ríkjum sem á því þurfa að halda. Slíkt hefur leitt til þess að ESB og nágrannaríki þess hafa byggt upp sterkari sambönd á mörgum sviðum eins og í tengslum við orkuframleiðslu, menntun, samgöngumál og rannsóknir. Aðstoð ESB hefur aukist á síðastliðnum árum og er orðin markvissari, þó telur Sambandið að hægt sé að gera betur. 5,7 milljörðum evra hefur nú þegar verið úthlutað fyrir tímabilið 2011-2013, en ESB hefur ákveðið að bæta við 1,24 milljarði evra í sjóðinn fyrir sama tímabil.

Megin markmið endurbættrar nágrannastefnu ESB er að byggja upp og styrkja lýðræðisríki, hvetja til sjálfbærs efnahagsvaxtar og hafa umsjón með fólksþrengingum þvert yfir landamæri. Nágrannastefna ESB er stefna Sambandsins en aðildarríki þess verða að sýna samstöðu við að ná fram öllum pólitískum markmiðum hennar. Evrópuþingið mun einnig leika lykilhlutverk í að ná fram þessum markmiðum. Jafnframt á nágrannastefnan að vera gott fordæmi fyrir alþjóðasamfélagið í heild til að ýta enn frekar undir lýðræðislegar breytingar og efnahags- og félagslega þróun í þessum löndum.

Samvinna við nágrannaríkin er hagstæð fyrir alla aðila. ESB er aðal viðskiptaaðili flestra nágrannaríkjanna sem stefnan nær til. Sjálfbær þróun efnahags og atvinnusköpun í samstarfsríkjum er því einnig í hag ESB. Sambandið ætlar sér þó ekki að þvinga ríki til að taka upp ákveðið líkan eða fyrirfram ákveðna uppskrift að pólitískum umbótum. Það mun þó krefjast þess að umbótaferli hvers samstarfsríkis endurspegli með skýrum hætti skuldbindingar þess til að vernda og fara eftir alþjóðlegum gildum, eins og virðingu mannréttinda og réttarríkis.

Formennskuríki ESB 2011

Ungverska formennskan (janúar – júní 2011)

Ungverjar luku formennskutímabili sínu í ráði ESB 30. júní 2011. Rammaáætlun ungversku formennskunnar var að miklu leyti byggð á stofnanabreytingum sem Lissabon-sáttmálinn hafði í för með sér. Samkvæmt sáttmálanum er formennskan ábyrg fyrir nákvæmri, tæknilegri og diplómátskri vinnu ráðsins, í stað pólitískra framtaksverkefna.

Ungverska formennskan starfaði undir kjörorðum sterkari Evrópu og setti í forgang málefni sem varða efnahag Evrópusambandsins. Náðu aðildarríki samkomulagi um lagapakka sem snýr að efnahagsstjórnun svæðisins, sem framkvæmdastjórnin hafði lagt fram, og greiddu fyrir samningum um lög innri markaðar. Þrjár nýjar evrópskar fjármálaeftirlitsstofnanir voru stofnaðar í febrúar og forstöðumenn þeirra valdir með samþykki Evrópuþingsins.

Mikill árangur hefur náðst varðandi sameiginlega stefnu ESB í orkumálum á tímabili ungversku formennskunnar. Leiðtogafundur þann 4. febrúar sl. lagði fram markmið um stofnun sameiginlegs orkumarkaðar og nauðsyn þess að stofna til samvinnu við nágrannaríkin í norðri og suðri. Þróun sérstakra verkefna á þessu sviði hefur nú þegar hafist. Dónárstefnunni (e. *Danube strategy*) var hleypt af stokkunum, en með henni á að bæta samgöngur, orkutengsl, umhverfið, félagslega og hagræna þætti og öryggi í ríkjunum sem áin rennur í gegnum (átta ESB ríki og sex ríki sem ekki eru aðilar að Sambandinu). Aðildarríki samþykktu mikilvægi og umfang samheldnisstefunnar (e. *Cohesion Policy*) og sameiginlegu landbúnaðarstefunnar (e. *Common Agricultural Policy*) í umræðum sem Ungverjar stóðu fyrir.

Enn hefur aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Schengen samkomulaginu ekki verið samþykkt en mikill árangur hefur náðst varðandi aðildina undir formennsku Ungverja. Ungverjar lögðu upp með það sem takmark í upphafi formennskutímabils síns að aðildarviðræðum við Króatíu

yrði lokið fyrir lok formennsku þeirra. Þessu markmiði var náð og lauk aðildarviðræðunum 30. júní 2011.

Málefni Rómafólks voru sett í forgang og vakin athygli á þeirri mismunun sem Rómafólk sætir í ríkjum ESB. Evrópuþingið samþykkti sjónarmið Ungverja varðandi stefnu í málefnum Rómafólks og á ráðherrafundi 19. maí var stefnan samþykkt af aðildarríkjunum.

Nágrannastefna Evrópu (e. *the European Neighbourhood Policy*) var styrkt til muna á formenskutímabili Ungverjalands og voru endurbætur og aukin fjárlög tileinkuð henni kynnt 25. maí sl.

Alþjóðleg, pólitísk málefni höfðu áhrif á störf ungversku formenskunnar, svo sem lýðræðisbyltingarnar í Norður-Afríku, en formennskan þykir hafa haldið ótrauð áfram með sín forgangsverkefni ásamt því að takast á við tilfallandi verkefni sem komu upp á tímabilinu. Ungverjaland hafði þó ekki umboð til samræmingar stefnu ESB í utanríkismálefnum og þar sem ríkið stendur utan við evrusvæðið gátu Ungverjar ekki tekið þátt í styrkingu evrunnar.

Pólska formennskan (júlí – desember 2011)

Pólland tók við formennsku í ráði ESB 1. júlí 2011 og hófst þá nýtt formenskutímabil Póllands, Danmerkur og Kýpur. Stefnuskra Pólverjar er skipt í þrjú forgangssvið¹⁸; að auka og dýpka Evrópusamrunann (séð sem uppspretta hagvaxtar), bæta öryggi Evrópu og víkka út svæðið þar sem evrópsk gildi ríkja, þar á meðal með aukinni stækkun ESB og samvinnu við nágrannaríki.

1. Samþætting Evrópu er grundvöllur hagvaxtar

Pólska formennskan mun þurfa að takast á við það krefjandi verkefni að leiða fyrsta áfanga umræðunnar um fjárhagsrammann til margra ára eftir-2013 (e. *post-2013 multiannual financial framework, MFF*). Formennskan stefnir að því að styrkja efnahag ESB með aðgerðum sem snúa að þróun innri markaðar og uppbyggingu samkeppnishæfrar Evrópu. Leggja Pólverjar áherslu á þróun rafrænna viðskipta. Að þeirra mati ætti samheldnisstefnan að vera áfram stærsti þátturinn í fjárfestingastefnu ESB. Einnig munu endurbætur á landbúnaðarstefnunni, sem munu að mati pólsku formenskunnar tryggja nútímavæðingu evrópsks landbúnaðar og aukna samkeppnishæfni, vera mikilvægt verkefni á tímabilinu.

Til að koma í veg fyrir að efnahagskreppan endurtaki sig mun formennskan leggja áherslu á öflugna efnahagslega samvinnu með svonefnda „sex-hluta“ (e. *six-pack*) lagapakkanum um efnahagsstjórnkerfi. Vonast var til að lagapakinn yrði samþykktur fyrir lok formennsku Ungverjalands en ráðherraráðið þarf að samþykkja breytingartillögu sem Evrópuþingið lagði fram 23. júní sl. áður en atkvæði verða greidd að nýju. Áætlað er að endurbætt samkomulag um efnahagslega stjórnun verði samþykkt í heild sinni í september 2011. Þar sem Pólland er ekki aðili að evrunni mun pólska formennskan þó hafa minni áhrif á umræðuna um efnahagsaðgerðirnar á evrusvæðinu.

Pólland stefnir að því að beina athygli að þekkingargrundvölluðum efnahag „Evrópu 2020“ stefnunnar, en Pólverjar telja vitsmunalegan höfuðstól Evrópu ekki standast þær kröfur sem til hans eru gerðar.

2. Örugg Evrópa

Evrópa verður að styrkja þjóðhagslegt öryggi sitt með bættri efnahagsstjórnun og auknu eftirliti með fjármálamörkuðum. Pólska formennskan mun greiða fyrir þeim breytingum á

¹⁸ Sjá nánar á heimasíðu pólsku formenskunnar: <http://pl2011.eu/en>

Lissabon sáttmálanum sem nauðsynlegar eru til stofnunar evrópsku stöðugleikastofnunarinnar (e. *the European Stability Mechanism*).

Lagðar verða fram tillögur til að styrkja orkustefnu ESB og samvinnu við önnur ríki í þeim málaflökki. Mun formennskan leggja sig fram við að auka fjölbreytni í nýtingu orkuauðlinda og taka þátt í auknum rannsóknum á hinum ýmsu orkuauðlindum í Evrópu, ekki síst á olífuleirstein (e. *shale gas*), en skv. nýjustu skýrslum finnast í Póllandi stærstu olífuleirsteinsauðlindir í heimi.

Einnig mun pólska formennskan einbeita sér að styrkingu ytri landamæra ESB og að ljúka endurbótum á reglugerð landamærastofnunar Evrópu (FRONTEX) til að tryggja að stofnunin geti aðstoðað aðildarríki við erfiðar aðstæður líkt og þær sem skapast hafa vegna ástandsins í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum.

Pólland mun einnig leggja áherslu á styrkingu sameiginlegu utanríkis- og öryggisstefnu ESB (e. *Common Foreign and Security Policy*) ásamt því að beita sér fyrir eflingu borgaralegra aðgerða og hernaðarlegrar getu ESB. Pólverjar telja ákjósanlegt að efla samráð milli ESB og NATO. NATO er að mati Póllands tæki Evrópu til sjálfstæðrar getu til að bregðast við með hernaðarlegum aðgerðum í framtíðinni.

Weimar þríhyrningurinn (Pólland, Frakkland og Þýskaland) mun einbeita sér að samvinnu á sviði varna og tryggja að sú áhersla komi fram í fjárlögum ESB. Allur niðurskurður opinberra gjalda í dag á þessu sviði mun draga úr möguleikum á hernaðarlegum viðbrögðum í framtíðinni, að mati þeirra. Pólverjar munu að auki hvetja til aukins samstarfs milli ESB og NATO varðandi hernaðarlegt öryggi.

3. Kostir víðsýnnrar Evrópu

Pólland mun styrkja sameiginlega utanríkis- og varnarmálastefnu ESB (e. *Common Foreign and Security Policy*). Pólverjar stefna að því að víkka út svæðið þar sem evrópsk gildi ríkja, þar á meðal með stækkun ESB og þróun samvinnu við nágrannaríki. Pólska formennskan vill hefja útvíkkun evrópsku nágrannastefnunnar og styrkja þannig stöðugleika, öryggi og velmegun allra aðila. Varðandi samstarf við nágrannaríkin í austri mun pólska formennskan leitast eftir að ljúka samstarfssamningum og skapa fríverslunarsvæði, til dæmis halda áfram með eða ljúka samningum við Úkraínu og Móldóvu. Hvíta-Rússland verður hvatt til samstarfs við lönd Vestur-Evrópu, að því gefnu að það virði grundvallarreglur lýðræðis og mannréttinda. Nýr rammi samstarfs milli ESB og Rússlands verður einnig myndaður. Telur formennskan samvinnu við nágrannaríki í austri mikilvæga til að tryggja fæðuöryggi og aðgang að orku. Samstarf við Arabaríki verður styrkt og stuðningur veittur til uppbyggingar lýðræðissamfélaga í Norður-Afríku.

Nú þegar aðildarviðræðum við Króatíu er lokið stefnir pólska formennskan að því að Króatía skrifa undir aðildarsamning fyrir lok árs 2011. Pólland styður áframhaldandi viðræður við Tyrkland og mun hvetja til áframhaldandi viðræðna við ríki Vestur-Balkanskaga. Að auki vill pólska formennskan tryggja marktækan árangur (e. „*significant progress*”) í aðildarviðræðum við Ísland. Mikolaj Dowgiewicz, aðstoðarutanríkisráðherra Póllands, sagði í heimsókn sinni til Íslands, í maí sl., að Pólverjar vilji auðvelda áframhaldandi umsóknarferli Íslands. Þetta er Pólverjum mikilvægt, því þeir eru hlyntir stækkun Evrópusambandsins. Að auki mun formennskan vinna náið með Dönum sem taka við formennskunni um næstu áramót og þau verkefni sem Pólverjar ná ekki að klára munu Danir vinna áfram.

Pólska formennskan mun leggja sitt af mörkum til að ljúka núverandi samningaviðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, þ.e. Dóhalotu.

Aðgerðir og lagabreytingar vegna evrunnar

Í vor samþykkti leiðtogaráð ESB (e. *European Council*) aðgerðir til að bregðast við yfirstandandi efnahagskreppu. Í fyrsta lagi er ráðgert að auka aðhald í ríkisfjármálum og gera tilheyrandi kerfisumbætur. Reiknað er með að framkvæmdarstjórnin kynni tillögur sínar og ráðleggingar fyrir einstök ríki um miðbik ársins 2011. Í öðru lagi var lagt til að efla efnahagastjórnun með lagabreytingum sem fela í sér m.a. aukið aðhald, samvinnu, samræmingu og eftirlit með efnahagsstjórnun ESB-ríkjanna. Í þriðja lagi var lagt til að gerð yrðu sérstök álagspróf á banka og skoðað yrði að taka upp skatt á fjármálaviðskipti. Í fjórða og síðasta lagi var lagt til að efla Evrópska stöðugleikasjóðinn (e. *The European Stability Mechanism (ESM)*). Gert er ráð fyrir að bráðabirgðasjóðurinn (e. *European Financial Stability Facility (EFSF)*) geti lánað allt að 440 milljarðar evra. En reiknað er með að nýi sjóðurinn ESM, sem mun taka við af EFSF árið 2013, verði með ráðstöfunarfé upp á 500 milljarða evra. Áætlað er að heildarhlutfé nýja sjóðsins verði hins vegar samtals 700 milljarðar evra.

Evruríkin, ásamt sex öðrum ríkjum sem standa utan evrusvæðisins (Búlgaría, Danmörk, Lettland, Litháen, Pólland og Rúmenía), gerðu sérstakt samkomulag um evruna (e. *The Euro plus pact*). Samkomulaginu er ætlað að styrkja efnahagslegar grunnstoðir myntbandalagsins, ná fram aukinni samhæfingu í stefnumörkun, auka samkeppnishæfni og þar með ná fram meiri samhæfni. Samkomulagið hvílir á fjórum meginreglum; í fyrsta lagi er samkomulaginu ætlað að vera í samræmi við og styrkja núverandi efnahagslega stjórnsýslu innan ESB. Felur það í sér beinar skuldbindingar sem verða felldar inn í þjóðarumbóta- og stöðugleikaáætlun (e. *National Reform and Stability Programme*) viðkomandi ríkja. Í öðru lagi er samkomulaginu ætlað að vera hnitmiðað, aðgerðamiðað og vera með forgangsröðun sem stuðli að aukinni samkeppnishæfni og samhæfingu. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að á hverju ári leggi ríkisstjórnir viðkomandi landa fram ákveðnar skuldbindingar um efnahagsumbætur. Í fjórða lagi er gengið út frá því í samkomulaginu að evrulöndin séu algjörlega skuldbundin til að ljúka við að koma á sameiginlegum markaði (e. *completion for the Single Market*).

Þau ríki sem taka þátt í samkomulaginu eiga að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að ná fram eftirfarandi markmiðum:

- Hlúa að samkeppnishæfni.
- Hlúa að vinnumarkaði/atvinnu.
- Stuðla að sjálfbærum ríkisfjármálum.
- Ná fram fjármálastöðugleika (e. *financial stability*).

Hvert ríki fyrir sig, sem er aðili að samkomulaginu, á að leggja fram áætlun um til hvaða aðgerða verður gripið til að ná fram þessum markmiðum. Val á aðgerðum til að ná sameiginlegum markmiðum verður á ábyrgð hvers lands, en þau þurfa þó að sýna fram á það með einhverjum hætti ef þau telja að ekki sé þörf á aðgerðum á tilteknum sviðum.

Endurskoðun sameiginlegrar landbúnaðarstefnu ESB

Undirbúningur og vinna við endurskoðun á sameiginlegri landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins (CAP) hefur staðið yfir frá því í apríl 2010. Þess er vænst að tillögur framkvæmdastjórnar ESB um endurskoðaða landbúnaðarstefnu Sambandsins verði birtar á næstu misserum. Sameiginleg landbúnaðarstefna ESB á sér liðlega 50 ára sögu og er ein af grundvallarstefnum Sambandsins. Stefnan hefur þróast og breyst í gegnum tíðina en síðasta heildarendurskoðun tók til tímabilsins 2003 til 2013. Ný og endurskoðuð stefna mun taka gildi í upphafi árs 2014 fyrir sjö ára tímabil þ.e.a.s. til ársins 2020. Frá því að vinna við

yfirstandandi endurskoðun hófst hefur framkvæmdastjórnin staðið fyrir víðtæku samráði til samræmingar sjónarmiða einstakra landa og greina innan landbúnaðarins.

Ljóst má vera að landbúnaður innan Evrópusambandsins, sem og landbúnaðarstefnan sjálf, hefur og mun áfram standa frammi fyrir nýjum og krefjandi áskorunum í síbreytilegu umhverfi. Má í því sambandi nefna breytingar á Evrópusambandinu sjálfu í kjölfar stækkunar þess á liðnum árum, aukna þörf og kröfur um umhverfisvænni starfsemi sem og breyttar efnahagslegar aðstæður í kjölfar mikilla hræringa á síðustu árum á fjármálamörkuðum.

Við undibúning endurskoðunarinnar hafa því komið fram ábendingar og kröfur um mikilvægi þess að sameiginleg landbúnaðarstefna Sambandsins lagi sig að breyttum tímum og aðstæðum. Þannig sé mikilvægt að stefnan verði skilvirkari, gegnsærri, tryggi jafnræði meðal allra aðildarríkjanna 27 og taki aukið mið af sifellt vaxandi þörf fyrir aukna umhverfisvitund.

Grunnur landbúnaðarstefnunnar verður þó án efa sá sami og hingað til, þ.e. að tryggja öflugan landbúnað innan Sambandsins, sem tryggja á fæðuöryggi innan þess, sem og að viðhalda byggð og búsetu í landbúnaðarhéruðum Evrópu.

Þannig er lagt upp með þrjú meginefni í yfirstandandi endurskoðun á landbúnaðarstefnunni:

- Að tryggja megi áreiðanlega og örugga framleiðslu matvæla á vaxandi mörkuðum sem eru þó um leið kvikir og síbreytilegir. Stefnunni er þannig ætlað að tryggja matvælaöryggi.
- Að stefnan tryggi sjálfbæran landbúnað, það er að segja að náttúrulegar auðlindir (s.s. land og vatn) séu nýttar af ábyrgð þannig að landbúnaður hafi sem minnst skaðleg áhrif á umhverfið. Þar sem markaðir taka ekki alltaf tillit til þess kostnaðar sem þessu fylgir þarf að bæta landbúnaðnum það sérstaklega.
- Að tryggja megi fjölbreytt búsetuskilyrði þannig að byggð haldist sem víðast í sveitum Evrópu sem oft eiga nokkuð á brattann að sækja. Landbúnaður er burðarás margra þessara svæða bæði í efnahagslegu og menningarlegu sambandi.

Verulegum fjármunum, úr sameiginlegum sjóðum Evrópusambandsins, er varið til landbúnaðar í gegnum sameiginlegu landbúnaðarstefnuna. Á þeim aðhaldstímum sem nú eru er áhersla lögð á að tryggja aukna skilvirkni og tengja fjárframlög enn betur við markmið stefnunnar sjálftrar. Verður það gert í auknum mæli með áherslu á einfaldara og gegnsærra kerfi með greiðslum til bænda sjálfra frekar en með markaðsaðgerðum og greiðslum til annarra aðila sem tengjast landbúnaði, s.s. framleiðslufyrirtækja. Þá má telja líklegt að sá grunnur sem núverandi styrkjakerfi byggir á, sem er að stórum hluta byggt á sögulegum grunni, verði endurskoðaður þar sem nú er ekki samræmi á milli þeirra 12 aðildarríkja sem komið hafa ný inn í Sambandið og þeirra 15 sem fyrr voru hluti Evrópusambandsins.

Í einskönar vegvísi framkvæmdastjórnarinnar, sem birtur var í nóvember á síðasta ári og byggir á niðurstöðum víðtæks opins samráðs, eru tilgreindar þrjár leiðir eða nálganir við endurskoðunina og eru þær þessar:

- Að endurskoðunin nú felist í því að aðlaga stefnuna þannig að tekið sé á helstu veikleikum hennar í skrefum á næstu tíu árum.
- Að endurskoðunin nú felist í því að gera landbúnaðarstefnuna grænni, sanngjarnari, hagkvæmari og skilvirkari.
- Að endurskoðunin nú leggi grunn að því að horfið verði frá fjárhagsstyrkjum til bænda eins og þeir þekkjast í dag, að inngrípum á markaði með afurðir verði hætt en þess í stað verði öll megin áhersla lögð á markmið umhverfisverndar.

Í ljós kemur hvaða nálgun verður fyrir valinu er tillögur verða birtar. Þá verður það undir aðildarríkjunum, í gegnum ráðið, sem og Evrópuþinginu komið að ákveða hverjar breytingarnar verða á sameiginlegri landbúnaðarstefnu Sambandsins. Ljóst er að vilji er til breytinga sem taka mið að breyttum tímum og aðstæðum og veitir endurskoðunin tækifæri til að koma þeim á. Á sama tíma er ljóst að um verulega hagsmuni aðildarríkjanna er að ræða og má búast við að komi til hagsmunaárekstra milli þeirra sem og nokkurrar tregðu til að umbylta núverandi fyrirkomulagi. Landbúnaður og stefna í landbúnaðarmálum er og hápólítískt mál og því mun Evrópuþingið hafa mikið um málið að segja og meira en áður í kjölfar Lissabon-sáttmálans sem tryggir Þinginu bein áhrif á ákvörðunartöku um sameiginlega landbúnaðarstefnu Sambandsins.

Endurskoðun sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB

Undirbúningur fyrir endurskoðun sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins (CFP) hófst árið 2009 með útgáfu svokallaðrar grænbókar. Í grænbókinni er stöðu sjávarútvegs, innan Sambandsins, lýst og lagðar fram ýmsar hugmyndir að breytingum. Ljóst má vera að sjávarútvegur og fiskveiðar innan Evrópusambandsins standa frammi fyrir fjölpættum áskorunum. Þannig er staða margra nytjastofna Sambandsins mjög bágborin vegna margra ára ofveiði, veiðifloti aðildarríkjanna er allt of stór og er einn megin vandi sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar. Þá er verulegum hluta afla kastað vegna banns við að koma með að landi afla umfram aflaheimildir sem og banns við löndun fiskjar sem er undir tiltekinni stærð (brottkastskylda). Þá er sjávarútvegur Sambandsins verulega styrktur af opinberum sjóðum og hefur ekki tekist á umliðnum árum, með nægjanlega skilvirkum hætti, að nýta þá styrki til að ná fram markmiðum sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar.

Sjávarútvegsstefnan sætir endurskoðun á 10 ára fresti og er gildandi stefna frá árinu 2002. Að því er stefnt að ný sameiginleg sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins taki gildi í ársbyrjun 2013. Tillögur framkvæmdastjórnarinnar voru birtar um miðjan júlí sl.¹⁹ Nú þegar tillögurnar liggja fyrir fer af stað lögbundið viðræðu- og samstarfsferli framkvæmdastjórnarinnar, ráðs ESB og Evrópuþingsins, sem nú hefur beina aðkomu að ferlinu eftir samþykkt Lissabon-sáttmálans.

Í máli Mariu Damanaki, framkvæmdastjóra sjávarútvegs mála ESB, á undanförunum misserum í tengslum við endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar hefur farið hvað mest fyrir áherslu hennar á að banna brottkast afla, atriði sem reyndar lítið sem ekkert var nefnt eða tekið á í fyrrnefndri grænbók. Þá hefur Damanaki lagt áherslu á að takast verði að draga úr stærð allt of stórs fiskveiðiflota Sambandsins. Ljóst sé að fyrri aðferðir í þeim efnum, þá einkum niðurgreiðslur í formi úreldingar skipa, hafi ekki dugað. Framkvæmdastjórinn hefur jafnframt talað fyrir því að ákvarðanataka hvað varðar ýmsa þætti fiskveiðistjórnunar verði í auknum mæli færð frá Brussel til aðildarríkjanna í formi svo nefndrar aukinnar svæðanálgunar. Þá liggja fyrir markmið um bætta stöðu stofna með því að innleiða langtíma stjórnunaráætlanir um nýtingu fiskistofna og stefnir ESB að því að eigi síðar en 2015 verði komin á veiðistjórnun nytjastofna sem tryggja á hámarks sjálfbæra nýtingu þeirra (MSY).

Þó víða sé pottur brotinn í fiskveiðistjórnun Evrópusambandsins er vert að halda til haga að ástand stofna er mismunandi eftir hafsvæðum. Þá liggur fyrir að stundaðar eru arðbærar og hagkvæmar fiskveiðar innan Evrópusambandsins, þá helst uppsjávarveiðar, þó ástandið sé víða bágborið sem kemur augljóslega niður á veiðunum og öllum þeim aðilum og strandsvæðum sem eru hvað háðust fiskveiðum.

¹⁹ Sjá nánar tillögur framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/fisheries/reform/com_2011_417_en.pdf

Eins og fyrr er nefnt hefur sameiginleg sjávarútvegsstefna Sambandsins áður verið endurskoðuð og því miður hefur árangur látið nokkuð á sér standa. Staða stofna er þó heldur betri en fyrir 10 árum þó enn sé langt í land til að hún geti talist viðunandi. Það er augljóslega mikilvægt að endurskoðunin nú skili árangri til framtíðar.

Til að ná árangri við að draga úr stærð fiskiskipaflotans er í tillögum framkvæmdastjórnarinnar lagt til að innan aðildarríkja Sambandsins verði komið á kerfi framseljanlegra aflahlutdeilda, þ.e. kerfi í átt við það sem hefur verið við lýði á Íslandi sl. áratugi. Í þessu sambandi er þó rétt að halda til haga að ekki er að vænta neinna breytinga á grundvelli skiptingar veiðiréttinda meðal aðildarríkjanna sem grundvallast hefur á sögulegum rétti eða svo kölluðum hlutfallslegum stöðugleika.

Í tillögum framkvæmdastjórnarinnar er að finna tillögur í þá veru að ákvörðunarvald, hvað varðar ýmsa þætti fiskveiðistjórnunar, verði í auknum mæli fært til aðildarríkjanna og þannig dregið úr miðlægu ákvörðunarvaldi í Brussel. Rétt er þó að árétta að með öllu er óljóst að hvaða marki slík svæðanálgun er möguleg og þá til hvaða þátta fiskveiðistjórnunar ákvarðanir, á þessu stigi, geta náð.

Að endingu er rétt að geta þess að um er að ræða tillögur framkvæmdastjórnarinnar og ekki sjálfgefið að þær verði samþykktar. Það er í höndum aðildarríkjanna sjálfra sem og Evrópuþingsins að ákveða framtíðar skipulag sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar. Endanleg niðurstaða mun ekki liggja fyrir fyrr en í fyrsta lagi undir lok árs 2012.

Helstu mál til meðferðar á Evrópuþinginu fyrri hluta árs 2011

Inngangur

Evrópuþingið samanstendur af 736 þingmönnum. Styrkur Þingsins til að koma hagsmuna- og/eða álitamála á leiðis á stefnuskrá ESB styrktist til muna með tilkomu Lissabon-sáttmálans. Sáttmállinn gerir ráð fyrir aukinni ákvarðanatöku Þingsins og frekari þátttöku þingmanna, sem og með auknu samráði Evrópuþingsins við framkvæmdastjórn og ráðherraráð ESB. Sum þeirra mála sem Evrópuþingið hefur sett efst á dagskrá á fyrri hluta árs 2011 varða kjarnorkuöryggi, stjórnun efnahagsmála, samskipti ESB við ríki Norður-Afríku, dómsmál (Schengen) og mannréttindi.

Löggjöf tekin upp með sameiginlegri ákvörðun

Með gildistöku Lissabon-sáttmálans er Evrópuþingið orðið þungamiðja í ákvarðanatökufurli ESB. Sameiginlegar ákvarðanir eru orðnar helsta löggjafarmedferð ESB (*e. legislation adopted by co-decision*), þar sem Evrópuþingið og ráðherraráð ESB deila löggjafarvaldinu á meðan umboðið til að leggja fram lagafrumvörp liggur hjá framkvæmdastjórninni. Á síðustu sex mánuðum hefur Evrópuþingið samþykkt fjölda ráðstafana er varða sjávarútvegssamninga við þriðju ríki, breytingar á núverandi sjávarútvegsstefnu ESB, nýjar reglur um aukin réttindi farþega í langferðabifreiðum, framtaksverkefni evrópskra ríkisborgara (*e. European Citizen's Initiative*), tilskipanir sem vinna gegn seingreiðslum í viðskiptum (*e. late payment in commercial transactions*), beitingu réttinda sjúklinga á heilbrigðisþjónustu yfir landamæri (*e. patients rights in cross-border healthcare*), hindrun dreifingar ólöglegra lyfja á markaðnum sem og kröfur um vöruöryggi.

Hluti löggjafarinnar sem samið er um á Þinginu í dag inniheldur texta um bótakerfi fjárfesta (*e. investor compensation schemes*), tryggingasjóði innlána (*e. deposit-guarantee schemes*), afleiðusamning sem ekki er verslað með á skipulegum verðbréfamarkaði (*e. over-the-counter derivatives trading*), réttindi neytenda, stjórnun efnahagsmála (almennt þekkt undir nafninu „sex pakkinn“ (*e. „six pack“*)), veitingu ESB-trygginga fyrir tjóni á lánnum og vegna verkefna

utan ESB til Fjárfestingabanka Evrópu (EIB), evrópska önn til samræmingar efnahagsstefnunnar (e. *the European Semester for economic policy coordination*), samstillingu á skortsölu (e. *short selling*) og skiptareglum um lánavanskil (e. *credit default swaps rules*) innan ESB, „Eurovignette” skattareglur um farmflutninga og ræktun erfðabreyttra lífvera.

Undir formennsku Póllands, mun Evrópuþingið verða viðriðið samningaviðræður um ný lög um innri-markaðinn (e. *EU Single Market Act*) sem varða Evrópska efnahagssvæðið. Framkvæmdastjórnin lagði lagatillöguna fram í apríl á þessu ári. Fjallað er nánar um þessa tillögu í kaflanum um EES-samninginn framar í skýrslunni. Jafnframt mun Evrópuþingið taka ákvarðanir sameiginlega með ráðherraráði ESB um áætlaðar umbætur á sameiginlegum sjávarútvegs- og landbúnaðarstefnum ESB.

Löggjöf tekin upp með samþykki

Á ákveðnum sviðum, þar sem sameiginleg ákvörðun með ráðherraráði ESB á ekki við, þarf Evrópuþingið að veita samþykki sitt áður en löggjöfin er tekin upp af aðildarríkjum Sambandsins (e. *legislation adopted by consent*). Í janúar 2011 gaf Evrópuþingið samþykki sitt við fríverslunarsamningi milli ESB og Suður-Kóreu eftir að hafa þrýst á viðbót við öryggisákvæði innan samningsins til verndar evrópskum bílaiðnaði. Auk þess hefur Evrópuþingið samþykkt bráðabirgða samstarfssamning (e. *Interim Partnership Agreement*) milli ESB og Kyrrahafsríkja, stöðugleika- og aðildarsamning (e. *Stabilisation and Association Agreement*) milli ESB og Serbíu, viljayfirlýsingu milli ESB og Bandaríkjanna um samstarf á vettvangi rannsókna og þróunarverkefna á almenningsflugi, breytingu á Sáttmálanum til að koma á fót varanlegum neyðarsjóði (e. *permanent bailout fund*) til hjálpar evru-ríkjum og stofnun sameiginlegs ESB kerfis um einkaleyfi (e. *common EU patent system*) í samræmi við gerð sem kveður á um aukið samstarf (e. *enhanced cooperation procedure*). Þingið samþykkti svo nýlega aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Schengen-svæðinu.

Í júní sl. lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að fjárlagaramma Evrópusambandsins fyrir árin 2014–2020 (e. *Multi Annual Financial Framework for 2014 – 2020*). Evrópuþingið þarf að gefa samþykki sitt við þessum tillögum. Evrópuþingmenn kölluðu eftir að minnsta kosti 5% hækkun til að ljúka við allar áætlanir og öll stefnumál. Þeir gagnrýndu einnig núverandi fjármögnunarkerfi ESB sem byggir nær eingöngu á framlögum aðildarríkja. Mun þetta verða eitt mikilvægasta málefnið sem Þingið fjallar um á næstu mánuðum.

Evrópuþingið þarf einnig að veita samþykki fyrir stækkunarstefnu ESB og fylgist því grannt með framvindu umsóknarríkja og hugsanlegra umsóknarríkja. Undanfarna sex mánuði hefur Evrópuþingið fagnað stöðu Svartfjallalands sem umsóknarríkis, þrátt fyrir áhyggjur af spillingu þar í landi. Hefur Þingið einnig lýst yfir áhyggjum varðandi hægar framfarir mannréttinda og nauðsynlegra umbóta í Tyrklandi.

Í apríl samþykkti Evrópuþingið fyrstu skýrslu sína um Ísland síðan aðildarviðræður við landið hófust í fyrra. Þingmenn Evrópuþingsins fögnuðu möguleikanum á því að eitt elsta lýðræðisríki heims gerist aðili að ESB. Sum viðkvæm málefni þurfi þó að leysa á næstunni, svo sem Icesave deiluna, hvalveiðar Íslendinga (sem bannaðar eru innan Sambandsins) og sérstöðu Íslands varðandi sjávarútveg og landbúnað. Hvað varðar makríldeiluna, þá hvöttu þingmenn aðila til að komast að niðurstöðu um lausn mála. Skýrslan var annars jákvæð og hvetjandi í heild sinni. Tillaga að ályktun Evrópuþingsins um þessa skýrslu, sem samin var af Dan Preda (EPP: Evrópuþingsflokkur fólksins, Rúmeníu), var samþykkt með 544 atkvæðum gegn 29, en 41 þingmaður sat hjá. Mikil jákvæðni var í garð hugsanlegrar aðildar Íslands að ESB og þingmenn lofuðu Ísland fyrir umbætur sínar á dóms- og fjármálakerfinu. Þá var minnst á að á tveimur sviðum þyrfti meiri vinnu þ.e. varðandi fiskveiðar og landbúnað.

Ályktanir án lagalegra áhrifa

Evrópuþingið getur einnig samþykkt ályktanir og skýrslur sem ekki hafa lagaleg áhrif (e. non-legislative resolutions). Þingið samþykkti nýlega slíka ályktun varðandi orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um málefni Norðurskautsins undir nafninu stefna ESB á norðurslóðum (e. EU Policy for the High North). Drög að ályktuninni voru lögð fram af þýska þingmanninum Michael Gahler. Í drögunum eru viðurkennd áhrif bráðnunar íssins, sem sögð eru ekki einungis færa úr stað innfædda á svæðinu og ógna lífsstíl þeirra, heldur einnig skapa ný tækifæri fyrir efnahagslega þróun og opna fyrir nýjar greiðari og öruggari leiðir yfir hafið á Norðurskautinu. Þingmennirnir lögðu til grundvallar viðmiðunarreglur sem er ætlað að skapa jafnvægi milli umhverfissjónarmiða (hnattræn hlýnun, viðkvæmar náttúruauðlindir) og þess að ESB-ríkin verði ekki undanskilin frá nýtingu náttúruauðlinda, svo sem olíu, gass og fiskimiða. Evrópuþingmennirnir samþykktu einnig ályktanir um Dónárstefnu ESB (e. EU Strategy for the Danube) og Atlantshafssvæðið, ásamt stefnu ESB í málefnum Rómafólks.

Á svipaðan hátt voru margar ályktanir án lagalegra áhrifa samþykktar af Evrópuþinginu t.d. varðandi fjölda kvenna í stöðum sem fylgir vald til ákvörðunartöku, að ESB skuli skuldbinda sig til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 30% fyrir árið 2020, stefnu til fullnægjandi, sjálfbærra og öruggra lífeyriskerfa í Evrópu, iðnaðarstefnu hnattræns tímabils, um aukið eftirlit með mörkuðum, að ljúka við innri markað fyrir menningu á vefnum og þróun evrópsks ramma fyrir grunn- og leikskóla.

Evrópuþingið – samskipti við Ísland

Sendiráð Íslands gagnvart Evrópusambandinu hefur á umliðnu ári aukið samskipti sín við Evrópuþingið til muna með tíðum fundum með einstökum þingmönnum, þingnefndum og stjórnmalahópum þingsins.

Evrópuþingið hefur einnig sýnt málefnum Íslands aukinn áhuga. Fjárlaganefnd og umhverfismálanefnd Þingsins sendu fulltrúanefndir til Íslands og vinstri flokkur Evrópu og norrænna (GUE/NGL) hélt rannsóknardaga sína á Íslandi, þar sem 25 þingmenn tóku þátt. Utanríkismálanefnd Þingsins mun senda fulltrúanefnd sína til Íslands í september nk. Þá var Pat the Cope Gallagher, formaður SINEEA nefndarinnar, gestgjafi sýningar í Þinginu um endurnýjanlega orkugjafa á Íslandi og utanríkismálanefndin hélt málþing undir nafninu Ísland í ESB. Ræðumenn á málþinginu voru meðal annarra Baldur Þórhallsson Jean Monnet prófessor í stjórnmalafraeði og formaður stjórnar Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki við Háskóla Íslands, Alyson Bailes gestaprófessor við Háskóla Íslands, David Carey frá hagfræðideild Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), Alexandra Cas Granje skrifstofustjóri á stjórnarsviði stækkunarmála framkvæmdastjórnar ESB, Nikulás Hannigan sendifulltrúi við fastanefnd Íslands gagnvart ESB í Brussel og Graham Avery háttsettur ráðgjafi evrópsku stefnumiðstöðvarinnar (e. *European Policy Centre*). Sjávarútvegsmálanefnd Evrópuþingsins hélt að auki málþing undir nafninu fiskveiðar á Íslandi. Stefán Haukur Jóhannesson aðalsamningamaður Íslands og Kolbeinn Árnason formaður samningahóps um sjávarútvegsmál, voru viðstaddir og tóku þátt í umræðum ásamt Tómasi H. Heiðari þjóðréttarfræðingi í utanríkisráðuneytinu, Jóhanni Sigurjónssyni forstjóra Hafrannsóknarstofnunar, Steinari Inga Matthíassyni fiskimálafulltrúa í Brussel, Kristjáni Þórarinssyni stofnvistfræðingi LÍÚ og Elínu Björgu Ragnarsdóttur framkvæmdastjóra Samtaka fiskframleiðanda og útflytjenda.

